

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

10. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILIÐ 2018-2022

Árið 2019, föstudaginn 8. feb. kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurbrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru Elín Gylfadóttir, í forföllum Guðbjargar Bergmundsdóttur, Steinn Ingi Kjartansson, Örn Elías Guðmundsson í forföllum Samúels Kristjánssonar, Karl Guðmundur Kjartansson og Elsa Borgarsdóttur.

Pétur G. Markan, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 8:30.

Steinn Ingi Kjartansson bauð viðstadda velkomna og athugaði með lögmati fundarins.

Oddviti leggur til að fjórði liður á dagskránni færist verði síðasti liður. Samþykkt samhljóða.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Fundargerð atvinnu og landbúnaðarnefndar frá 30. jan.
3. Fundargerð velferðarnefndar frá 30 jan.
4. Sveitarfélög og heimsmarkmiðin.
5. Ísafjarðará – tvö erindi, frá Jóhönnu Kristjánsdóttur og síðan Sigurgísla Ingimarssyni.
6. Fundargerð stjórnar Hafnarsambands Íslands nr. 409.
7. Fundargerð stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga nr.
8. Boðun á Landsþing sambands íslenskra sveitarfélaga.
9. Fundargerð fræðslu, tómsundar, menningar, kynningar frá 6. feb.

-
1. Skýrsla sveitarstjóra lögð fram.
 2. Fundargerðin lögð fram. Hér yfirgefur Karl Guðmundur fundinn. Sveitarstjórn staðfestir sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta 2018 / 2019:
 - a) A-liður 1. gr breytist þannig: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni sbr 4. gr laga nr 116/2006 um stjórn fiskveiða eða frístundafiskveiðileyfi skv 2. tl 4. mgr 6. gr sömu laga við lok umsóknafrests.
 - b) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram

til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, á þann veg að 20% byggðakvóta Súðavíkur skal skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og eru með frístundafiskveiðileyfi. 20% byggðakvóta Súðavíkur skal skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem hafa aflamarksfiskveiðileyfi og uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar. 60% byggðakvóta Súðavíkur skal skipt jafnt milli annarra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar.

c) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla í Súðavík sem telja á til byggðakvóta, og einnig úthlutuðum byggðakvóta, til vinnslu í Súðavík á tímabilinu frá 1. september 2018 til 31. ágúst 2019.

Samþykkt samhljóða.

Hér kemur Karl Guðmundur inn til fundarins.

Stephen Midgley kemur til fundarins og kynnir hugmyndir um ferðamálafulltrúa.

3. Fundargerðin samþykkt samhljóða.

4. Lagt fram til umræðu og kynningar.

5. Sigurgísli kemur til fundarins og kynnir áform um uppbyggingu árinna. Umræða um bæði erindin. Ákverðið að taka afstöðu málsins á næsta fundi nefndarinnar.

6. Lagt fram.

7. Lagt fram.

8. Lagt til að sveitarstjóri sækir landsþingið.

9. Elsa Borgarsdóttir fer yfir umræðu fundarins.

Sveitarstjórn fagnar sérstaklega umræðu um frístundarútu og leggur mikla áherslu að gengið hratt í málið. Eftirfarandi er bókað í fundargerð nefndarinnar um frístundarútu;

4. Aðalsteinn Óskarsson kemur frá Vestfjarðastofu / FV til að ræða möguleika á að nýta fé sem ætlað er til almenningsgangna milli Súðavíkur og Ísafjarðar í áætlunarferðir fyrir börn í frístundunum, á milli Súðavíkur og Ísafjarðar.

Nefndin leggur áherslu á að áætlunarferðir á milli Súðavíkur og Ísafjarðar komist á í samræmi við umræðu fundarins.

Sveitarstjóra falið að greina mögulegan notendahóp, tíðni og tímaramma á hverjum degi.

Sveitarstjórn frestar ákvörðun um kaup á nemendaplássi í Lýðháskólanum og óskar eftir frekari umræðu um málið í fræðslunefnd.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

10. Karl Guðmundur leggur áherslu á að ef það á óska eftir verðkönnun í verkefni á vegum sveitarfélagsins séu sendir tölvupóstar til allra aðila.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:47

Örn Elías Guðmundsson

Karl Guðmundur Kjartansson

Elín Gylfadóttir

Elsa Borgarsdóttir

**Steinn Ingi Kjartansson
oddviti**

